

Ágæti félagsmaður,

30. september 2005

I Uppbót á afurðainnlegg ársins

Á stjórnarfundi Slá turfélagsins í gær var ákveðið að greiða öllum innleggjendum sem leggja inn afurðir að andvirði meira en 100 þkr. samanlagt á árinu 2005, 3% uppbót á afurðaverð. Uppbótin verður greidd inn á bankareikninga bænda 16. janúar næstkomandi.

Uppbótin verður greidd á innlegg allra kjöttegunda. Ef bóndi hefur t.d. lagt inn til félagsins afurðir að andvirði samtals kr. 1800 þús árið 2005 þá fær hann greidda uppbót sem er 54 þkr. svo dæmi sé tekið. Þessi ákvörðun er til að hvetja bændur til viðskipta við

félagið og að þeir sjái hag sinn í að skipta við félag sem er í eigu bænda og stjórnað af bændum.

Ákvörðunin gildir eingöngu fyrir þetta ár og verður mat stjórnar á næsta ári hvort eða í hvaða mæli slíkt verður endurtekið.

II Sauðfjárslátrun

Slátrun félagsins er komin á fullan skrið og margir sem leggja mikið á sig til að allt gangi eins vel og verða má. Slátrun í águst og byrjun september var heldur minni en vonast var til en jónst er leið á manuðinn. Í heildina er slátrun nálægt þeirri áætlun sem kynnt var á aðalfundi og vantar aðeins 936 kindur í lok 38. viku að slátrað hafi verið í samræmi við áætlunina. Þess ber að geta að vikur með sama númeri eru 4 sláturögum aftar í

dagatalinu árið 2005 en 2004.

Eins og fram kom á öllum deildarfundum síðasta veturn, aðalfundi og í fréttabréfi í byrjun maí byggist arðsemi slátrunar á Selfossi á löngum nýtingartíma og miklum afköstum. Eftir lok október þarf að slátra um 33 þús fjár sem er um 10 þús fleira en árið áður. Megin áhersla er lögð á að slátra öllum hrútlömbum fyrir lok október en verulegur hluti gimbra verður að koma til slátrunar í nóvember. Það

er nauðsynlegt að flýta fjallskilum á næsta ári til að hægt sé að slátra á fullum afköstum allan september. Gildir þetta öðru fremur um Árnessýslu og Dali.

Til að auðvelda tilfærslu slátrunar í þetta skiptið hefur verið ákveðið að hækka yfirborganir í nóvember og desember og verða álagsgreiðslur sem bændur fá á innlegg í nóv. og des. (vaxtagjald + yfirborgun SS samtals) sem hér segir :

| Vika | Álag samtals (vaxtagjald + yfirborgun SS) |
|---|--|
| 44 (1.-4. nóv) | 12 kr/kg |
| 45 (7.-11. nóv) | 22 kr/kg |
| 46 (14.-18. nóv) | 32 kr/kg |
| 47 (21.-25. nóv) | 40 kr/kg |
| 48 (1.-2. des) útflutningsskylda lækkar | 40 kr/kg |
| 49 (5.-9. des) | 46 kr/kg |
| 50 (12.-16. des) | 50 kr/kg |
| Páskar '06 (23/24. mars) | 87 kr/kg |

Yfirborgunarflokkar sömu og áður.

Viðtakandi:

| | Vika | Slátrun '04 samtals | Áætlun 2005 | Raun 2005 | Breyt frá áætl 2005 | Uppsafrnað 2004 | Uppsafrnað 2005 |
|------------------|------|------------------------|----------------|--------------|------------------------|--------------------|--------------------|
| Águst | 30 | | | 423 | 423 | 0 | 423 |
| | 31 | 546 | 1.200 | 583 | -617 | 546 | 1.006 |
| | 32 | 875 | 1.800 | 816 | -984 | 1.421 | 1.822 |
| | 33 | 812 | 2.000 | 1.125 | -875 | 2.233 | 2.947 |
| | 34 | 1.246 | 2.000 | 1.966 | -34 | 3.479 | 4.913 |
| | 35 | 2.180 | 4.000 | 3.420 | -580 | 5.659 | 8.333 |
| Sept | 36 | 6.021 | 6.000 | 5.370 | -630 | 11.680 | 13.703 |
| | 37 | 5.234 | 6.000 | 8.099 | 2099 | 16.914 | 21.802 |
| | 38 | 5.425 | 10.200 | 10.462 | 262 | 22.339 | 32.264 |
| Samtals kindur : | | 132.362 | 122.200 | 32.264 | -936 | | |

Meðalvigt dilka frá upphafi slátrunar til 25. sept 2005 var 15,1 kg en sambærileg tala árið áður 14,9 kg.

Það hefur truflað flutninga fjár að húsi að vagn sem flutningsaðilar keyptu kom of seitn til landsins. Allir hafa lagt sig fram um að leysa málín með tilfærslu og aukinni nýtingu á öðrum bílum. Ljóst er að flutningskostnaður mun haekka þar sem notaðir hafa verið minni bílar en æskilegt væri á sumum svæðum.

Breytingar sem gerðar voru á fláningsslínunni milli sláturtíða koma vel út og skila auknum afköstum. Óvenju góður hópur starfar við slátrunina og gaman að

sjá röskt fólk standa vel að verki. Uppsetning á nýju kjötmatskerfi tók nokkurn tíma en er að virka mjög vel og auðvelda vinnu matsmanna.

Ótrúleg breyting til batnaðar er á frystingu kjöts með nýju frystikerfi. Frysting er hraðari og mikill orkusparnaður frá því sem áður var.

Einar Hjálmarsson hefur tekið við sem sláturhússtjóri sauðfjár og verkstjóri stórgripa og væntir félagið mikils af störfum hans. Sverri Ágústssyni eru þökkuð farsæl störf á liðnum árum.

Vetrarslátrun - útflutningur :
Það er mikið áhyggjuefni að mun minna er pantað fyrir slátrun í

nóvember og desember en fyrri ár. Það er lífsspursmál fyrir útflutning að geta boðið ferskt kjöt fram til jóla og skiptir einnig máli fyrir sölu á innanlandsmarkaði. Til að sinna þessu er lágmarksslátrun 800 lömb á viku. Ef þetta næst ekki er margra ára uppbygging útflutnings á fersku kjöti í hættu og viðbúið að skilaverð fyrir útflutning muni lækka.

Undirritaður vill því hvetja alla bændur að vera tilbúna að setja hluta af innleggi sínu til að mæta bessari þörf sem öllum gagnast. Að ofan er kynnt veruleg hækkun á yfirborgunum í nóvember og desember.



Sigvarður er góður í fyrirristunni og lætur þetta líta út fyrir að vera létt verk



Einar Hjálmarsson sláturhússtjóri og Hermann Árnason stöðvarstjóri



Íslendingur og nýsjálendingur keppast við f.v.
Vestmannaeyingurinn Frans og Gerald Boyd



Ásgeir verkstjóri á Kaldbak sem er með 47 sláturtíðir
að baki grípur hér í verkin



2 nýsjálenkir slátrar, Mokena Romeo og hörkukonan
Charline. Ætla mætti að Mokena væri með
höfuðbúnað riddara en svo er ekki. Hann er með
andlitsskraut sem þarf að hylja



Eiríkur Sigurjónsson frá Hlíð undir Eyjafjöllum sagar
ferskt kjöt á nýja hjólahnifnum sem skilar hreinum
skurði án þess að sag komi í sárið

III Fóðurmál

Slátfélagið hefur með góðum árangri flutt inn hágæðaaburð frá Yara í nokkur ár. Tilgangurinn er að stuðla að lækkan til bænda á þessum kostnaðarlið. Árangur SS má meðal annars sjá í því að enginn keppinautur býður lengur einkorna áburð í samkeppni við félagið heldur eingöngu ódýrari fjölkorna blöndur úr ýmsum áttum.

Með líkum hætti hefur það verið ætlan SS að koma að fóðurmálum til að stuðla að hagstæðu fóðurverði í landinu og eðlilegri verðlagningu m.v. nágrannalönd. Óvænt fékk SS upplýsingar um að meirihluti Mjólkurfélagsins væri búinn að skipta um eigendur í kyrrþey. Fóðurmálin voru ekki komin á dagskrá en ákveðið var að láta á

það reyna hvort komið væri tækifæri fyrir félagið að skapa sér stöðu og flýta fyrir breytingu á fóðurmálum. Í því skyni gerði Slátfélagið eigendum MR, sem ekki höfðu selt nýjum meirihluta, tilboð sem var um 30% hærra en það verð sem verið hafði á stærstum hluta þess sem seldur var. Þessu var svarað af meirihlutanum og bitist um bréfin um stund.

Staðan var ójöfn þar sem meirihlutinn er innanbúðar í MR og hefur því aðgang að upplýsingum og tengsl við eigendur sem SS hefur ekki. SS hefur keypt þokkalegan hlut í MR en ekki alveg séð fyrir hversu stór hann verður fyrr en uppgjöri er lokið. Þeir sem ekki voru búinir að selja meiri-

hlutanum áður geta þakkað SS þá hækkan sem varð á gengi bréfa. Þeim sem enn eiga óseld bréf í MR og vilja selja SS er bent að hafa samband við félagið.

Við blasir að aðflutningsgjöld á fóðurblöndur verða felld niður á næstunni. Þá er möguleiki fyrir nýjan aðila að hefja innflutning með minni tilkostnaði en fylgir innflutningi allra hráefna og blöndun hér á landi. Það er hins vegar engin þörf fyrir viðbótarfjárfestingu í landinu á þessu sviði.

Það mun skýrast á næstu mánuðum hver þróun þessara mála verður og hvort samvinna tekst með núverandi fyrirtækjum eða hvort SS mun skoða 3. valkostinn með áhugasömum aðilum.



Frysting í nýuppgjerðu frystihúsi



Hjalti Gunnarsson frá Fossnesi við nýja bílinn sinn og nýjan vagn sem SS á. Hvorugtveggja er með lyftubúnaði og samtals hægt að flytja um 460 fjár.

IV Staða á kjötmarkaði

Nautgripakjöt : Enn er vöntun á markaði og hvergi til birgðir af úrbeinaðri vörum. Vöntunin er ekki mikil í prósentum talið en mjög hættulegt að búa við þessa stöðu lengi. Vernd sem innlend framleiðsla nýtur byggist á því að innanlandsmarkaði sé sinnt. Ef það er ekki gert er erfitt fyrir opinbera aðila að hafna kröfum t.d. smásala um innflutning án aðflutningsgjalda.

Bændur hafa notið mikillar hækkunar í verði en mörk á því hversu langt er skynsamlegt að ganga. Vernd innlendar framleiðslu byggist á stuðningi neytenda og stjórnvalda sem aftur tengist trú á heilnæmi vörunnar umfram innflutta vörum, viðhorfum til innlendar atvinnusköpunar og þeim verðmun sem er milli Íslands og nágannalanda.

Svínakjöt : Stærstur hluti þess svínakjöts sem SS kaupir er frá

tveimur svínabúum á Suðurlandi, Laxárdal og Ormsstöðum. Mikil samþjöppun hefur orðið í svínarækt í landinu og framleiðendur ekki nema 12 að tölum. Í þessari grein gildir það sama og í öðrum. Leita verður allra leiða til hagræðingar þ.a. hægt sé að stunda arðbæra framleiðslu á verði sem færist nær nágannalöndum. Það er hagur SS að vinna náið með þessum 2 framleiðendum til að stuðla að hagræðingu og lækkun framleiðslukostnaðar. Verð á svínakjöti hefur hækkað mikið á síðustu misserum en fjárhagur margra bænda er enn þungur eftir verðhrun áranna 2002 og 2003. Heldur hefur skort kjöt á markaðinn megnið af ári en jafnvægi er að komast á. Ef allar þær hugmyndir sem uppi eru um stækkanir svínabúa verða að veruleika má búast við að verð lækki aftur undir lok næsta árs og sérstaklega árið 2007.

Hrossa-/folaldakjöt : Dregið hefur úr útflutningi hrossa tíma-bundið og er framboð orðið meira en eftirspurn. Vonast er til að staðan færist til jafnvægis á næstu mánuðum. Verð er mjög lágt og er sterkt staða íslensku krónunnar ekki til bóta í þessu sambandi. Megnið af kjötinu fór til Ítalíu en unnið er að því að færa söluna til Japans sem skilar mun hærra verði.

Slátrað var folöldum í ágúst fyrir beinakaupendur og gekk það verk-efni vel. Slátrun er að hefjast á folöldum til innanlandssölu og verður slátrað 20-30 folöldum á viku á næstunni. Birgðir fyrra árs eru að klárást og því jafnvægi á þessum markaði hjá félaginu. Varan á hins vegar undir högg að sækja innanlands og ljóst að tilfærsla í smásöluverslun til lágvöruverðs verslana frá verslunum með kjötborð er neikvæð fyrir sölu folaldakjöts.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason

Fyrirvari er gerður um prentvillur



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000

Skoðaðu heimasíðu okkar: www.ss.is